



Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2013 til 2015 lögð fram á bæjarstjórnarfundum 16. febrúar 2012 – fyrri umræða

Þriggja ára áætlun fyrir árin 2013 – 2015 tekur mið af áætluðum efnahag í lok ársins 2012 skv. fjárhagsáætlun sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. janúar sl. Ekki er gert ráð fyrir neinum verðlagsbreytingum þau ár sem áætlunin nær yfir, þannig að viðbúið er að rauntölur muni víkja frá áætluninni a.m.k. sem verðlagsbreytingum nemur.

Tekjur

Áætlunin gerir ráð fyrir að útsvarstekjur aukist um 3,5% að raunvirði árið 2013, 2% árið 2014 og 1% árið 2015. Reiknað er með að fasteignagjöld verði óbreytt frá fjárhagsáætlun 2012. Reiknað er með að framlög Jöfnunarsjóðs minnki um 10% árið 2013 frá fjárhagsáætlun 2012. Ástæðan er aðallega sú að innifalið í grunnskólaframlagi sem greiðist árið 2012 er leiðrétting vegna uppgjörs ársins 2010 sem nemur um 15 m.kr. Þá er reiknað með að framlögin aukist um 3% árið 2014 og aftur um 3% árið 2015. Til samanburðar er reiknað með að framlögin 2012 verði 129 m.kr., en árið 2011 voru þau 109 m.kr og árið 2010 voru þau um 100 m.kr. Reiknað er með að aðrar tekjur A-hluta hækki um 1% hvert ár en í B-hluta verði hækkunin 2% hvert ár.

Gjöld

Áætlunin gerir ráð fyrir að laun hækki um 3,5% árið 2013, 2% árið 2014 og 1% árið 2015, sem er sama hækkun og reiknað er með í útsvarstekjum. Reiknað er með að annar rekstrarkostnaður hækki almennt um 1% á ári.

Fjárfestingar

Áætlunin gerir ráð fyrir að í A- og B-hluta verði fjárfest fyrir 30 m.kr. árið 2013, 40 m.kr. árið 2014 og 60 m.kr. árið 2015. Lántökupörf fyrir sömu ár verði 20 m.kr., 30 m.kr. og 50 m.kr.. Áætlunin gerir ráð fyrir að handbært fé í árslok verði á bilinu 33 til 37 m.kr. í lok hvers árs.

Veltufé frá rekstri er áætlað 92 m.kr., 96 m.kr. og 100 m.kr. þau þrjú ár sem áætlað er fyrir en á sama tíma er reiknað með að afborganir langtímalána verði 92 – 97 m.kr. hvert ár.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta í árslok 2015 verða 684 m.kr. samkvæmt áætluninni en eigið fé samstæðunnar verður 485 m.kr.

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2013, 2014 og 2015 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Elías Jónatansson
bæjarstjóri
